

# Reikningskilaráð ríkisins

2. Fundur – 28. nóvember 2016 kl. 13:00

## FUNDARGERÐ

### Fundinn sátu:

- Reikningskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Forföll: Margrét Björk Svavarsdóttir
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Steinunn Sigvaldadóttir.

**1. Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 1. fundar var samþykkt.

**2. Núgildandi lög um LOF og IPSAS. Lagabreytinga þörf?** Farið yfir tillögu samspil IPSAS og ársreikningalaga. Samþykkt að formaður fari áfram með málið og óski eftir lagabreytingu. Erindið verður sent til atvinnuvegaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.

**3. Hvernig fellur reikningshaldið í dag að IPSAS.** Farið yfir yfirlit yfir staðlana. Á uppgjörssviði Fjársýslunar er búið að setja upp fyrstu drög að ríkisreikningi. Vangaveltur eru um það hversu mikið á að sundurliða tekjur og gjöld? Gert er ráð fyrir að uppfylla staðlana. Helstu staðlarnir eru: IPSAS 1, 17, 28, 29, 30, 35, 38 og 39.

**4. Yfirlit um helstu verkefni og vinnu hjá Fjársýslu við innleiðingu LOF.** Fjársýslan hefur lagt fram ákveðin viðmið varðandi afskriftarreglur og viðmiðforsendur á eignfærslum vs gjaldfærslum.

**5. Helstu viðmið varðandi varanlega rekstrarfjármuni í fjárlögum og ríkisreikningi.**

Rætt var um efnahaginn. Ríkisendurskoðun gerir kröfur um eignaskrá burt séð frá því hvort hún sé gjaldfærð eða eignfærð. Rætt var hver er praktíkin, viðmiðin þurfa að samrýmast praktík. Fjársýslan hefur sett þá viðmið um eignfærslur að allt sem endist umfram ár eigi að eignfæra svo verður skynsemin að ráða för í því mati. Ríkisaðilar þurfa að meta eftir aðstæðum hverju sinni hvað ber að eignfæra og að samræmi sé í fyrirrúmi.

**6. Önnur mál.** Á næsta fundi leggur Fjársýslan fram helstu gögn og yfirlit um þau verkefni sem unnið hefur verið að í tengslum við innleiðinguna á IPSAS.

Fundi var slitið kl. 14:30

Næsti fundur 19. des kl. 13:00